

RÁÐSTEFNA 2. OG 3. OKTÓBER, 2024

Samfélagslöggæsla

KALLAÐ EFTIR ÁGRIPUM

Kallað er eftir ágripum erinda fyrir 7. Löggæsla og samfélagið ráðstefnuna sem Rannsóknasetur í lögreglufræði við Háskólann á Akureyri heldur miðvikudaginn 2. október og fimmtudaginn 3. október, 2024. Ráðstefnan er vettvangur þar sem fagfólk og fræðimenn reifa málefni löggæslu í víðri merkingu. Einstaklingar og hópar sem starfa á fræða- og/eða fagsviðum sem snerta löggæslu eru hvattir til þess að senda inn ágrip af erindum sem byggja á eigin rannsóknum og/eða starfi.

Lykilfyrirlesarar endurspeglar þema ráðstefnunnar sem í ár er samfélagslöggæsla. Við samfélagslöggæslu er höfuðáhersla lögð á náð samstarf lögreglu og nærsamfélagsins við löggæslu, afbrotavarnir og úrlausn vandamála til að stuðla að betra og öruggara samfélagi fyrir alla. Samfélagslöggæsla hefur víða gefið góða raun og vel þess virði að fræðast frekar um þessa löggæslunálgun og hvaða lærdóm megi draga af henni.

Að gefnu tilefni óskum við sérstaklega eftir erindum sem lúta að samfélagslöggæslu, en öll erindi sem snúa að löggæslu almennt eru meira en velkomin. Sem fyrr segir er ráðstefnan hugsuð sem sameiginlegur vettvangur fyrir fræða- og fagfólk til þess að koma rannsóknum sínum og reynslu af löggæslu hérlendis sem erlendis á framfæri og deila með leikum sem lærðum.

Lykilfyrirlesarar verða kynntir síðar.

GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR:

- Ráðstefnan fer fram í Miðborg Háskólans á Akureyri.** Ráðstefnan hefst stundvíslega kl. 9:00 annan október og lýkur kl. 13:00 þriðja október.
- Almenn erindi og fyrirspurnir** í kjölfarið skulu samtals ekki taka ekki lengri tíma en 25 mínútur. Ágrip af erindum (hámark 250 orð) skulu berast eigi síðar en föstudaginn 14. júní, 2024. **Ágripin skal senda á Guðmund Oddsson, prófessor í félagsfræði við HA og (goddsson@unak.is).**
- Ráðstefnugjald er 9.000 krónur** á mann og eru ráðstefnugögn og kaffiveitingar innifaldar. Þátttakendur greiða sjálfir ferðakostnað, gistingu og mat. **Háskólanemar frá frítt á ráðstefnuna.**
- Ráðstefnukvöldverður** verður að kvöldi miðvikudagsins 2. október.
- Flugfélagið Icelandair** flýgur til Akureyrar, sjá flugáætlan á www.icelandair.is
- Vefsíða: Löggæsla og samfélagið**
- Viðburður á Facebook**

Hafið samband við **Guðmund Oddsson**, prófessor í félagsfræði við HA goddsson@unak.is; vs. 460 8677 vanti frekari upplýsingar